Sprelllifandi myndasögusýning


Stærsta myndasögusýning sem nokkurn tímann hefur verið haldin hér á landi verður opnuð klukkan 16 í dag. Sýningin gengur undir nafninu Nían, enda er myndasagan talin til níundu listgreinarinnar. Það er Hafnarhús Listasafns Reykjavíkur sem hýsir myndasögumessuna, sem inniheldur verk frá Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Kanada, Bretlandi, Bandaríkjunum og Íslandi.

Meðal Íslendinga sem eiga verk á sýningunni eru Steingrímur Eyfjörð, Hallgrímur Helgason, Freydís Kristjánsdóttir, Tómas Lemarquis, Helgi Þorgils Friðjónsson og margir fleiri sem ekki er hægt að telja alla upp í þessari grein. Margir þeirra eru úr Gisp!-hópnum fræga, en það er einmitt enginn annar en gamli Gisparinn Bjarni Hinriksson sem er sýningarstjóri.

Í tilefni af þessum merka atburði kemur út níunda tölublaðið af Gisp!, 204 blaðsíður að lengd, sem einnig er sýningarskrá Níunnar. Þetta eintak ætti að vera fyrirtaks safngripur fyrir íslenska myndasöguunnendur, enda stútfullt af myndasögum og myndasögugreinum.

Verk eftir bandaríska höfundinn Art Spiegelman eru áberandi á sýningunni. Hann gerði hina stórkostlegu „Maus“ sem hann skrifaði eftir reynslusögu föður síns úr helför gyðinga í seinni heimsstyrjöldinni. Myndmálið í bókinni vekur enn athygli þar sem gyðingar eru túlkaðir sem mýs og nasistar sem kettir. Spiegelman vann Pulitzer-verðlaunin fyrir bókina á sínum tíma og er hún þannig séð ein viðurkenndasta myndasaga heims.

Englendingnum Dave McKean eru einnig gerð góð skil á sýningunni. Hans merkasta verk er vafalaust „Cages“ sem er ekki aðeins falleg saga, heldur líka ein þykkasta myndasaga síðustu aldar. Hann hefur mikið unnið með Neil Gaiman, þá meðal annars við kápurnar á Sandmanbókunum. Stíll McKeans er einstakur í myndasögugeiranum, og eru bækur hans oft flokkaðar sem fagurbókmenntir sökum hversu grípandi myndirnar eru.



ART SPIEGELMAN Svona sér Spiegelman sig á sjálfsmynd í verðlaunaverkinu Maus.

Á Níunni má einnig finna norska listamanninn Jason sem þekktastur er fyrir bækur sínar, „Vent litt...“ og „Schhh!“ sem báðar hafa vakið verðskuldaða athygli bæði í Evrópu og Ameríku. Annað meistaraverk hans er útfærsla hans á glæpasögunni „Järnvagnen“ eftir Stein Riverton. Hann er sértaklega fær í að kalla fram tilfinningar í orðfáum eða orðlausum myndasögum sínum þar sem dýrapersónur eru í aðalhlutverki. Hann er því sannkallaður meistari myndmálsins.

Einnig ber að minnast á kanadíska tímaritið Drawn & Quarterly, sem er meðal virtustu sjálfstæðu myndasögurita í Norður-Ameríku. Ritið hefur birt bæði amerískar og skandinavískar sögur og verða nokkrar af þeirra helstu skrautfjöðrum með verk á Níunni.

Sýningin í Hafnarhúsinu er ekki eini vettvangur Níunnar. Borgarbókasafn Reykjavíkur heldur málþing um myndasögur helgina 2-3. apríl og bókabúðin Nexus mun selja bækur eftir höfunda á sýningunni. Nían lofar því að vera í eðli sínu eins og myndasagan sjálf; lifandi sýning sem hægt er að skoða aftur og aftur.

Hugleikur Dagsson

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

9 10 11 **12** 13 14 15

Laugardagur

OPNANIR

- [ ] 12.00 Listakonan **Magnea Ásmundsdóttir** opnar sýninguna „Augnablikið mitt!“ í Gallerí Sævars Karls.
- [ ] 14.00 **Guðrún Jónsdóttir** og **Þorbjörg Halldórsdóttir** opna sýningu á Kaffi Karólínu í Listagilinu á Akureyri. Þetta er fyrsta sýningin af þremur sem þær standa fyrir.
- [ ] 14.00 **Joris Rademaker** opnar sýningu í Gallerí + í Brekkugötu 35 á Akureyri. Titill sýningarinnar er „Energy patterns“ og eru til sýnis þrjú ný verk.
- [ ] 14.40 **Kristín Þorkelsdóttir** sýnir myndröðina NáND og **Elísabet Olka** sýnir myndröðina Svipir í galleríinu og listversluninni YZT að Laugavegi 40.
- [ ] 15.00 **Margrét Birgisdóttir** opnar sýningu í Grafíksafni Íslands, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.
- [ ] 15.00 Í sýningarsölum Norræna hússins verður opnuð sýningin **Farfuglarnir** sem er samsýning á verkum sex norrænna myndlistarmanna frá Danmörku, Finnlandi og Íslandi. Þátttakendur eru **Björg Þorsteinsdóttir, Felix Pedersen, Kirsi Jaakkola, Kristín Jónsdóttir** frá Munkaþverá, **Timo Lintula** og **Torben Heron**.
- [ ] 16.00 Sýning á ljós- og stuttmyndum hinna stórhuga og sískapandi nemenda í Fornámsdeild Myndlistaskólans í Reykjavík verður opnuð í Gallerý Tukt, Pósthússtræti 3-5.
- [ ] 16.00 Sýningin **Nían - Myndasögumessa** verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Einnig opnar **Brynhildur Þorgeirsdóttir** viðamikla einkasýningu á neðri hæð safnsins.
- [ ] 17.00 Sýning **Önnu Jóa** og **Ólafar Oddgeirsdóttur**, Mæramerking II, verður opnuð í Gallerí Skugga, Hverfisgötu 39. Í tilefni opnunarinnar flytur sendiherra Kanada á Íslandi, **Richard Têtu**, ávarp.
- [ ] Sýning á verkum **Errós** verður opnuð í Listasafninu á Akureyri og stendur hún til 8. maí. Meginuppistaðan á sýningunni eru átta risastór málverk úr myndröðinni Listasagan sem gerð voru 1991-1992.

SKEMMTANIR

- [ ] 23.00 Rokksveit **Rúnars Júlíussonar** skemmtir á Kringlukránni.
- [ ] 23.00 Snúðarnir **Steinunn** og **Silja** verða með funk, soul og hiphop á Café Cultura.
- [ ] Hljómsveitin **Grafík** slær upp stórdansleik á Nasa. Hljómsveitin hefur ekki leikið fyrir dansi frá því 1987.
- [ ] **Þröstur 3000** á Sólon.
- [ ] Hljómsveitin **Fimm á Richter** ásamt **Geira Sæm** spilar á Classic Rock, Ármúla 5.
- [ ] **Danshljómsveit Friðjóns** leikur í Vélsmiðjunni á Akureyri.
- [ ] Gleðisveitin **Eðlan** skemmtir í Sjallanum á Akureyri.
- [ ] **Addi M.** spilar og syngur á Catalinu.
- [ ] Hljómsveitin **Tilþrif** leikur í Breiðinni, Akranesi.

FUNDIR

- [ ] 10.30 „Þetta var nú ósvikin saga“ er yfirskrift ráðstefnu um barnabókmenntir, sem helguð er rithöfundinum **H.C. Andersen**. Fyrirlesarar eru **Annette Lassen, Kristín Unnsteinsdóttir, Jónína Óskarsdóttir** og **Margrét Tryggvadóttir**. Einnig flytja leikarar úr Þjóðleikhúsinu brot úr verkinu **Klaufar og kóngsdætur**.
- [ ] 12.00 Á áttunda laugardagsfundi Reykjavíkurakademíunnar um **Virkjun lands og þjóðar** verður kynnt ný Gallupkönnun auk þess sem Dr. **Ásgeir Jónsson** og Dr. **Jón Ágúst Þorsteinsson** halda framsöguerindi.
- [ ] 14.30 **AFS á Íslandi** stendur fyrir málþingi um friðarmálefni í Kornhlöðunni, strax að loknum aðalfundi samtakanna. Meðal framsögumanna er einn af stofnendum AFS, **Edwin Masback**, fyrrum sjúkrabílstjóri í seinni heimstyrjöldinni.

SAMKOMUR

- [ ] 14.00 Á afmælisdegi **Þórbergs Þórðarsonar** verður dagskrá á vegum **Íslenska esperantosambandsins** í esperantohúsinu, Skólavörðustíg 6b, um þýðingar úr þjóðtungum á esperanto og þýðingar úr esperanto á þjóðtungur. Dagskráin er öll á íslensku.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA
ROKKSVEIT RÚNARS JÚLÍUSSONAR UM HELGINA
• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878
www.kringlukrain.is
PIZZERIA BAR & GRILL
Eignastu hana á DVD
THE INCREDIBLES
Eintak á 199kr?
Sendu SMS skeytið BTL FBT á númerið 1900 og þú gætir unnið.
11. hver vinnur.
Taktu þátt þú gætir unnið:
Incredibles á DVD • Incredibles á VHS • Incredibles vasaútvarp • Incredibles Úr
Aðrar DVD og VHS myndir • Kippu af Coca Cola og margt fleira.
Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið
SMS LEIKUR



ELEKTROFLAMENCO
tónleikar á Nasa
lau. 12. mars kl. 17:00
Aðgangur ókeypis
Alliance Française af@ismennt.is
ICELANDAIR Paris
A A A
Tapas

Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ kynnir
MÚLAN RÚS
í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur
Sýningar
fimmtudaginn 10. mars frumsýning
laugardaginn 12. mars kl. 20
miðvikudaginn 16. mars kl. 20
fimmtudaginn 17. mars kl. 20
miðvikudaginn 23. mars kl. 20
þriðjudaginn 29. mars kl. 20
sýnt í hátíðarsal FG
Miðasala á skrifstofu FG og í síma 520-1600
frá kl. 9 - 18 virka daga
Miðaverð 1500 kr.
www.nffg.is/mulanrus

BROADWAY
Veislusalir fyrir öll tilefni
www.broadway.is
Sími: 533-1100
Með næstum allt á hreinu
12.mars upps. 2.apr. Brimkló 9.apr.
16.apr. 22. apríl
SÝNINGAR Í SJALLANUM AKUREYRI
20.apr. 21.apr.
Miðasala hja LA sími: 4 600 200
Hjálmar eins og hann er bestur
Allra meina bjönn...
Alla laugardaga